



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið

frn@frn.is
545 8100

Skógarhlíð 6,
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
128 Reykjavík

Reykjavík 7. október 2022
Tilv.: FRN22100048/06.25.01

Efni: Ósk um tilnefningar í starfshóp um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur í samráði við háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og mennta- og barnamálaráðherra ákveðið að skipa starfshóp undir forystu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins sem hefur það hlutverk að greina núverandi starfs- og menntunartækifæri fatlaðs fólks og leggja fram tillögur að úrbótum, sem eru til þess fallnar að fjölga náms- og starfstækifærum fatlað fólks.

Við vinnu hópsins skal hafa hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Enn fremur skal starfshópurinn taka mið af þeim áherslum sem fram koma í sáttmála um ríkisstjórnarsamstaf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hvað varðar menntun og atvinnuþátttöku fatlaðs fólks svo það geti tekið fullan þátt í námi og á vinnumarkaði á eigin forsendum. Einnig þarf að huga að samspili við störf samhæfingarnefndar félags- og vinnumarkaðsráðherra um velferð og virkni á vinnumarkaði sem mun meðal annars fjalla um mögulegar leiðir til að fjölga sveigjanlegum störfum og hlutastörfum.

Þess er hér með óskað að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa í starfshópinn.

Helstu verkefni starfshópsins eru:

- Að kortleggja aðgengi fullorðins fatlaðs fólks að námi, þjálfun og stuðningsúrræðum innan skóla og stofnana, hjá fræðsluaðilum og í atvinnulífi.
- Að útbúa yfirlit yfir fjölbreytileika námstilboða og hvort og hvernig auka megi stíganda og samfellu í námi.
- Að taka saman upplýsingar um fjármögnun náms- og stuðningsúrræða fyrir fatlað fólk og meta hvort fá megi betri yfirsýn yfir greiðsluþátttöku eða kostnaðarfyrirkomulag.
- Að koma með tillögur að þróun náms- og stuðningsúrræða fyrir fatlað fólk, m.a. út frá stafrænum lausnum, nýrri þekkingu eða aðferðum sem auðvelda framkvæmd náms án aðgreiningar.

Áhersla verður lögð á víðtækt samráð og er því kallað eftir tilnefningum frá eftirtöldum aðilum: Mennta- og barnamálaráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, innviðaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Fjölmenn, Skólameistarafélagi Íslands, samstarfsnefnd háskólastigsins, Kvasir, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, Kennarasambandi Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins,

Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Bandalagi háskólamanna, Þroskahjálp, Geðhjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo einstaklinga, ekki af sama kyni í samræmi við 2. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu á netfangið frn@frn.is, eigi síðar en 15. október nk. ásamt upplýsingum um kennitölur, heimilisföng, netföng og símanúmer þeirra aðila sem tilnefndir verða.

Fyrir hönd ráðherra

Gissur Pétursson

Jenný Steinarsdóttir